

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55 25. apríl 1973, um breyting á lögum nr. 75
13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

C-liður 1. gr. laganna orðist svo: 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum). Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.